

2. bekkur 2022 - 2023

Kennarar: Arndís María Erlingsdóttir; Fanney Rúnarsdóttir; Kristín Helga Magnúsdóttir

1

Lýsing

Í 2.bekk er upplýsingatækni samþætt öðrum námsgreinum.

Í lotunni læra nemendur á ýmiss smáforrit í iPad.

Umsjónarkennarar sjá um að kenna nemendum á Google Chrome tölvur skólans þar sem nemendur kynnast m.a. fingrasetningu.

Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Upplýsingatækni er samofin kennslu í íslensku, stærðfræði, náttúrugreinum og samfélagsfræði.

Nýtt eru ýmis forrit sem styðja við kennslu í þessum fögum. Einnig læra nemendur á ýmisskonar smáforrit í iPad spjaldtölvu.

Kennsluaðferðir:

- Einstaklingsvinna
- Paravinna
- Útlitunarkennsla: byggist á því að kennarar miðla þekkingu, útskýra, reifa eða ræða ólíkar leiðir, sjónarhorn eða lausnir sem vekja til umhugsunar.

Námsáætlun

Tímabil	Viðfangsefni	Hæfniviðmið
Ágúst/september/október	Forritun kynnt fyrir nemendum. Umræða milli nemenda og kennara um hvað forritun er og hvað hún gerir og hvernig hún virkar.	
	Nemendur kynnast vélmenninu Beebot og smáforritinum Box Island og Osmo Coding Awbie þar sem farið er í gegnum grunnatriði forritunar með notkun „drag and drop“ umhverfis.	* Nýtt rafrænt og gagnvirktt námsefni
	Þau forrit og vefesíður sem notaðar verða samhliða íslensku og stærðfræði eru m.a. Lærum og leikum með hljóðin, sproti - gangnvirkt vefefni (multi 2a nettopgaver),- gagnvirktt vefefni.	
Nóvember/desember/janúar	Nemendur kynntir fyrir forritinu ChatterKid pix. Nemendur læra hvernig þeir geta glætt myndum nýtt líf og komið upplýsingum á framfæri á nýjan og skapandi hátt. Nemendur kynntir fyrir kennsluforritinu Seesaw.	* Sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn
	Þau forrit og vefesíður sem notaðar verða samhliða íslensku og stærðfræði eru m.a. Lærum og leikum með hljóðin, sproti - gangnvirkt vefefni (multi 2a nettopgaver), orðakista Krillu og stafaleikir Bínu - gagnvirktt vefefni.	* Notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt.
febrúar/mars	Nemendur kynnast tvennskonar smáforritum sem henta vel til sögugerðar. Annars vegar Toontastic 3D og hins vegar Puppet Pals.	* Nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna.
	Tveir til þrír nemendur útbúa sögu saman í forritinu Puppet Pals. Áður en sagan er gerð í forritinu sjálfu er sagan teiknuð upp skref fyrir skref, það kallast "storyboard". Sögunni er skilað í Seesaw.	* Sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn
	Þau forrit og vefesíður sem notaðar verða samhliða íslensku og stærðfræði eru m.a. Lærum og leikum með hljóðin, sproti - gangnvirkt vefefni (multi 2b nettopgaver), orðagull gagnvirktt vefefni og ýmisar aðrar vefsíður.	* Nýtt rafrænt og gagnvirktt námsefni
apríl/mái/júní	Nemendur kynntir fyrir rafbókargerð. Unnið er að rafbók í tímum í gegnum forritið	Notað hugbúnað/forrit við

Book Creator. Nemendur setja upp sína eigin bók. Nemendur læra að taka myndir, setja inn myndir, texta, hljóð o.fl. Bókinni er skilað í Seesaw.	miðlun þekkingar á einfaldan hátt.
Nemendur kynnast "Stop Motion" mynda gerð. Unnið er í forritinu iMotion Pro. Sköpun spilar hér stóran þátt.	* Nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna.
Þau forrit og vefsíður sem notaðar verða samhliða íslensku og stærðfræði eru m.a. Lærum og leikum með hljóðin, sproti - gagnvirkir vefefni (multi 2b nettopgaver), - gagnvirkir vefefni.	* Nýtt rafrænt og gagnvirkir námsefni
	* Sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn.
	Eftirfarandi viðmið úr námskrá eru ávallt höfð í huga:
	-Tekið virkan þátt í samræðum og hlustað á aðra.
	- Jafnan tekið tillit til annarra og unnið mjög vel með öðrum.
	- Unnið mjög vel eftir fyrirmælum.
	- Lagt sig fram við námið af alúð og nýtt tímann vel.

Grunnþættir menntunar

* Læsi

- Efla upplýsingalæsi og vitund nemenda til að afla upplýsinga á margvíslegan hátt.
- Áhersla er lögð á að nemendur verði samskiptalæsir og geti unnið í hópum, komið skoðunum sínum á framfæri og hlustað á skoðanir annarra.

* Jafnrétti

- áhersla á að hver og einn nemandi fái að njóta sín miðað við eigin þroska, sérstöðu, þarfir, áhuga og styrkleika

* Sköpun

- áhersla er að örva ímyndunarafl nemenda, með áherslu á sjálfstæða sköpun

Námsmat

Engin formleg próf eru í upplýsingatækni í 2. bekk. Unnið jafnt og þétt yfir veturinn í kennsluforritum sem styðja við það nám sem fer fram hverju sinni. Einnig eru kynnt hin ýmsu forrit og vefir og verða viðkomandi hæfniviðmið metin og færð inn á hæfnikort nemanda samkvæmt kennsluáætlun. Lögð er áhersla á að nemendur prófi og öðlist færni í notkun spjaldtölvu og kynnist forritum sem þau geta nýtt sér til náms.

Kennarar beita eftirfarandi námsmatsaðferðum við mat á vinnu og verkefnum nemenda:

Leiðsagnarnám: er fyrir nemendur jafnt og þétt allt námsárið (lotuna) með það að markmiði að nota niðurstöðurnar til að bæta námsárangur og kennslu. Leiðsagnarmat getur verið skriflegt eða munnlegt og kennarinn gefur leiðandi umsögn sem nýtist nemendum við áframhaldandi nám.

Frammistöðumat: kennarinn metur hvernig nemandinn vinnur ákeðið verkefni. Áherslan er á að meta ferlið en ekki eingöngu afurðina. Þá er horft til þess hvernig nemandanum gengur að leysa verkefnið af hendi.

Hlutverk og vinnulag nemandans

Samskipti	Mikil áhersla á samvinnu og paravinnu
Mæting	Nemendur temji sér stundvísi.

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

Sel - upplýsingatækni 1. bekkur

- **Hæfnieinkunn (tákn)**

Sel - upplýsingatækni 1. bekkur - Vinnulag og vinnubrögð

- Sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn.

Sel - upplýsingatækni 1. bekkur - Upplýsingaöflun og úrvinnsla

- Nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna.
- Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni.

Sel - upplýsingatækni 1. bekkur - Sköpun og miðlun

- Notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt.

Sel - upplýsingatækni 1. bekkur - Tjáning og miðlun

- Tekið virkan þátt í samræðum, hlustað á aðra og tjáð eigin hugsanir af öryggi.

Sel - upplýsingatækni 1. bekkur - Sjálfstæði og

samvinna

- Jafnan tekið tillit til annarra og unnið af öryggi með öðrum í hóp.
- Unnið eftir fyrirmælum og sjálfstætt.

Sel - upplýsingatækni 1. bekkur - Ábyrgð og mat á eigin

námi

- Lagt sig fram við námið af alúð og nýtt tímann vel.